

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3463

Rekstraraðili Sláturfélag Suðurlands svf. kt: 6002692089	Tegund starfsemi Sláturhús	Starfsleyfisnúmer: UOS-2026-L018-01 Gildistími starfsleyfis 30. Apríl 2042
Starfsstöð Selfoss Selfoss	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 15. júní 2026
Starfstöðvarnúmer: 510	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 30. Júní 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Benedikt Benediktsson	Framleiðslustóri

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram fimm ný frávik er varða gagnaskil, varúðarráðstafanir og mengunarmælingar.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 15. júní 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Eitt eldra frávik frá fyrra eftirliti var opið er varðar frávik frá gr. 2.3 í gamla starfsleyfinu um hreinsun á skólpi. Rekstraraðili hefur framkvæmt mælingu og sent inn til stofnunarinnar. Niðurstöður sýna að magn saurkokka og kóligerla er mjög hátt. Í nýja starfsleyfinu í gr. 3.7.1 er gerð krafa um að skólp skuli meðhöndlað í samræmi við BAT-niðurstöður. Frávikið stendur því enn en þó með vísan í gr. 3.7.1 í nýju starfsleyfi.

Kynning á fylgiskjölum

Rekstraraðili fékk með boðun eftirlitsins sendar upplýsingar um áherslu stofnunarinnar á olíuskiljur.

Umhverfismarkmið

Í starfsleyfi kemur fram að umhverfismarkmið skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili starfi eftir umhverfisstefnu fyrirtækisins en ekki hafa verið sett umhverfismarkmið sem er **frávik**. Rekstraraðili sendi inn umhverfismarkmið þann 30. Júní. Frávik lokað.

Umhverfisstjórnunarkerfi

Í starfsleyfi kemur fram að hefja skuli vinnu við gerð umhverfisstjórnunarkerfis innan 6 mánaða og þeirri vinnu lokið innan 2 ára frá útgáfu starfsleyfis. Í eftirlitinu kom fram að vinnan við umhverfisstjórnunarkerfið sé hafin. Verið er að tengja BAT1 við núverandi gæðahandbók.

Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði gildu tryggingaskýrteini í eftirlitinu.

Íðefnstjórnunarkerfi

Íðefnstjórnunarkerfi er til staðar.

Vöktun á losun í loft

Í starfsleyfi kemur fram að mæling á losun í loft skuli framkvæmd einu sinni á ári. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili sé kominn í samband við aðila sem getur framkvæmt þær mælingar sem gera eigi frá losun í loft að undanskildum mælingum á H₂S, NH₃ og TVOC. Mikilvægt er að rekstraraðili geti mælt alla þætti sem farið er fram á að séu mældir í starfsleyfinu.

Kælimiðlar

Rekstraraðili er með mörg kælikerfi sem innihalda kælimiðla með GWP yfir 2500. Rætt var um að enn sé möguleiki á að nálgast gas til að fylla á þessi kerfi en ekki sé hægt að fá nýtt gas, einungis endurunnið. Í starfsleyfinu kemur einnig fram að hámarks æskilegt tap á kælimiðlum er <5% af heildarmagni (hlaupandi meðaltal yfir 3 ár).

Vöktun á losun í vatn

Rekstraraðili hefur verið að mæla gerla í fráveitunni samkvæmt gamla starfsleyfinu. Enn hefur ekki verið mælt samkvæmt nýju starfsleyfi sem er **frávik**.

Skráningar

Farið var yfir hvaða skráningar rekstraraðili á að framkvæma samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfinu. Allar skráningar eru þegar framkvæmdar að undanskilinni skráningu á árlegu magni skólps sem myndast sem er **frávik**. Rætt var um að erfitt er að áætla eða mæla það magn sem myndast í því fráveitukerfi sem er á svæðinu núna. Rekstraraðili sendi inn sem hluta af umhverfisupplýsingum upplýsingar um magn fráveituvatns fyrir árið 2025. Frávik lokað.

Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert og eru fyrstu skil fyrir 1. maí 2027 fyrir árið 2026. Ársyfirlitið skal innihalda niðurstöður mælinga, skráninga og útreikninga sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla í starfsleyfinu.

Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né Umhverfis og orkustofnun hafa ekki borist neina kvartanir vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila umhverfisupplýsingum til stofnunarinnar fyrir undangengið ár. Þessar hafa enn ekki borist stofnuninni fyrir árið 2025 sem er **frávik**. Rekstraraðili sendi inn umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 þann 30. Júní 2026. Fráviki lokað.

Vettvangsferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Gerð var athugasemd við að olútankur við brennsluverið og úrgangsolútankurinn sem eru báðir í lekavörn en lekavörnin var í báðum tilfellum opin fyrir gegnumstreymi og enginn loki á lekavörnunum sem er **frávik**. Rekstraraðili sendi inn mynd til staðfestingar að eftirlitinu loknu sem sýnir að búið er að setja loka á lekavörnina. Fráviki lokað.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 2.1 í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. júní 2026 Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. <i>Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið.</i>	Lokað
gr. 3.7.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. júní 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar á losun í vatn.</i>	Opið
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. júní 2026 Rekstraraðili skal skrá reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila <i>Ekki eru skráðar upplýsingar um árlegt magn skólps sem myndast.</i>	Lokað
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á	Frávik skráð: 15. júní 2026	Lokað

reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Umhverfisupplýsingum hefur ekki verið skilað til stofnunarinnar.</i>	
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávik skráð: 15. júní 2026 Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið. <i>Lekavarnir undir olíugeymi og úrgangsolíugeymi eru ófullnægjandi.</i>	Lokað

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.